

**Til formanna stjórnmalaflokkanna**

Samhliða afgreiðslu Alþingis á breytingu á lögum um gjaldeyrismál 17. september 2011 var sett á fót nefnd á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytis með fulltrúum allra þingflokka. Nefndinni var falið að leggja mat á núverandi áætlun um losun fjármagnshafta, framvindu hennar og eftir atvikum koma með ábendingar eða tillögur um breytingar jafnframt því sem henni er ætlað að veita stjórnvöldum og Seðlabanka aðhald.

Í þeim anda vill nefndin með bréfi þessu til formanna allra stjórnmalaflokka á Alþingi koma á framfæri áhyggjum sínum af því að tveir af föllnu viðskiptabönkunum stefna að frágangi nauðasamninga og skipulagðri útgreiðslu til kröfuhafa út þrotabúunum í kjölfarið.

Skoðun nefndarmanna er sú að við þessar aðstæður sé rétt að bíða átekt og meta stöðuna ítarlega áður en slíkum nauðasamningum er veitt brautargengi. Einnig er miklægt að mati nefndarmanna að ákvörðunarrámi stjórnvalda í tengslum við jafn mikilvægt málefni og hér um ræðir sé styrktur frá því sem nú er og kæmi í því sambandi til álita að breyta núgildandi lagaákvæðum. Í því felst meðal annars að létta þrýstingi af Seðlabankanum um að setja reglur sem varða undanþágur föllnu bankanna til gjaldeyrisviðskipta.

Annað atriði sem nefndarmenn vilja koma á framfæri við formenn stjórnmalaflokkanna varðar gildistíma haftanna. Í gildandi lögum er kveðið á um að höftin skuli afnumin fyrir árslok 2013. Sú tímasetning byggði á ákveðnu mati á því hversu hratt yrði unnt að vinna úr þeim krónueignum sem voru til staðar innan hafta. Nú liggur fyrir, m.a. vegna óhagstæðra ytri aðstæðna, að sá tímarammi hefur ekki reynst nægjanlega rúmur, auk þess sem komið hefur í ljós að fastar tímasetningar henta illa til að ná fram réttum hvötum við að tryggja árangursríkan framgang afnámsáætlunarinnar. Nefndin leggur því til að hið svo kallaða sólarlagsákvæði verði felld brott og að í staðinn verði lögnum breytt þannig að losun fjármagnshafta verði tengd efnahagslegum skilyrðum sem þurfa að vera til staðar til þess að losun hafta ógni ekki fjármálalegum stöðugleika. Hvað sem því líður er það eindregin skoðun nefndarinnar að í greinargerð með hugsanlegu frumvarpi verði að koma fram skýr ásetningur um að að Ísland virði alþjóðlegar skuldbindingar sínar og að aftur verði komið á umhverfi frjálsra fjármagnsflutninga eins fljótt og auðið er, sérstaklega þeim sem snúa að heimilum og rekstrarfyrirtækjum í landinu.

Að lokum vill nefndin undirstrika þörfina á heildstæðri áætlun um losun fjármagnshafta, sem tekur til allra þeirra þátta sem áhrif geta haft á greiðslujöfnuð Íslands og þá samningsstöðu sem stjórnvöld hafa til lausnar þess vanda. Nefndin hvetur því stjórnvöld til að halda öllum valkostum opnum og taka til við að móta heildstæða stefnu og samningsafstöðu með samstilltu átaki.

Það er eindregin skoðun nefndarmanna að enn liggi ekki fyrir með nægjanlega skýrum hætti hver sé skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði vegna vaxta og afborgana af erlendum lánum á næstu árum. Fyrir en ítarleg greining á þessum atriðum liggur fyrir og fyrir en heildstæð stefna og samningsafstaða liggur fyrir telur nefndin óráðlegt að gera róttækar breytingar á núverandi starfsumhverfi gömlu bankanna. Með þessu er nefndin þó á engan hátt að leggja til að lögvarin réttindi þessara aðila séu skert, heldur er markmiðið fyrst og fremst að tryggja að fjármálalegum stöðugleika í landinu sé ekki teft í tvísýnu og að tími skapist til frekari ígrundunar.

Eins og fyrr segir telur nefndin að þörf sé á samstilltu átaki á vettvangi stjórnmalanna í þessum málum. Af því tilefni mælist nefndin til að í tengslum við þetta bréf hitti nefndin formenn stjórnmalaflokka sem eiga fulltrúa í henni til að gera betur grein fyrir sjónarmiðum nefndarinnar. Óskað er eftir að sá fundur verði haldinn fyrir jól.

---

Björn Rúnar Guðmundsson, formaður

---

Bolli Héðinsson

---

Huginn Freyr Þorsteinsson

---

Jón Helgi Egilsson

---

Sigurður Hannesson

---

Tryggvi Þór Herbertsson